# Gæðastýring í sauðfjárframleiðslu
# Landnýtingarþáttur 2013

Hluti af afrétti á Suðurlandi. Ljósmynd: Landgr./Gústav Ásbjörnsson

**Landgræðsla ríkisins 2014**
**Lr 2014/11**

# LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

Skýrsla nr.: LR-2014/11

Dagsetning: 25. mars. 2014

Heiti: Gæðastýring í sauðfjárframleiðslu - Landnýtingarþáttur 2013

Höfundar: Gústav M. Ásbjörnsson

Verkefnisstjóri: Gústav Ásbjörnsson

Unnið fyrir: Landgræðslu ríkisins

Samstarfsaðilar:

Útráttur: Árið 2013 sinnti Landgræðsla ríkisins eftirliti með landnýtingu skv. Reglugerð 10/2008 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Haft var eftirlit með tæplega1.700 þátttakendum og 71 landbótaáætlun auk þess sem landnýting 79 nýrra þátttakenda var metin.

Efnisorð:
Sauðfjárframleiðsla, landbóta- og landnýtingaráæltun, eftirlit

Gústav Ásbjörnsson

Undirskrift verkefnisstjóra

Með gæðastýringu í sauðfjárframleiðslu er átt við framleiðslu sauðfjárafurða samkvæmt kröfum sem settar eru fram í reglugerð nr. 10/2008 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Sauðfjárframleiðendur sem uppfylla skilyrði sem sett eru í reglugerðinni eiga rétt til sérstakra álagsgreiðslna úr ríkissjóði skv. samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá 25. janúar 2007.



*Mynd 1. Uppgræðsla á Almenningum. Ljósm. Gústav Ásbjörnsson/Landgræðsla ríkisins.*

Meðal þeirra skilyrða sem uppfylla þarf eru atriði er lúta að aðbúnaði og meðferð sauðfjár, merking búfjár, skýrsluhald,heilbrigðisþættir og nýting lands. Það er Matvælastofnun sem fer með framkvæmd gæðastýringarinnar, en Landgræðsla ríkisins annast framkvæmd landnýtingarþáttar reglugerðarinnar samkvæmt stjórnsýslusamningi milli Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðaneytis, Matvælastofnunar og Landgræðslu ríkisins frá 12. ágúst 2010. Skýrsla þessi fjallar um eftirlit með landnýtingarþætti gæðastýringar í sauðfjárframleiðslu árið 2013 í samræmi við ákvæði stjórnsýslusamningsins og reglugerðar 10/2008.

**Fjöldi þátttakenda**

Fjöldi þáttakenda í gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu árið 2013 var tæplega 1.700, en árið 2008 voru þeir um 1.400.

**Framkvæmd landbótaáætlana**

Haft var eftirlit með framkvæmd alls 68 landbótaáætlana um allt land sem skiptast þannig að 27 áætlanir eru vegna afrétta og 41 áætlun vegna heimalanda. Vegna vinnu við endurnýjun áætlana fjölgaði áætlunum fyrir afrétti auk þess sem nýting á afréttinum Almenningum í Rangárþingi eystra var tekin upp að nýju eftir 20 ára hlé og vegna ástands afréttarins þurfti að vinna landbótaáætlun. Í töflu 1 er yfirlit yfir fjölda landbótaáætlana árin 2009-2013 þar sem Landgræðslan annaðist eftirlit með framkvæmd.

**Tafla 1. Fjöldi landbótaáætlana sem eftirlit er haft með 2007-2012.**

| | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 |
|---|---|---|---|---|---|
| Afréttir | 21 | 21 | 24 | 24 | 27 |
| Heimalönd | 45 | 45 | 41 | 41 | 41 |
| Samtals | 66 | 66 | 65 | 65 | 68 |

**Mat á nýjum umsækjendum**

Landnýting 79 nýrra umsækjenda um þátttöku í gæðastýringunni var metin og hlutu þeir allir staðfestingu án athugasemda. Í flestum tilvikum var um að ræða jarðir og afrétti sem áður höfðu komið til mats á landnýtingu og aðilar þá jafnvel þá þegar aðilar að landbótaáætlun. Í töflu 2 er yfirlit yfir fjölda nýrra þátttakenda árin 2007-2013.

**Tafla 2. Nýjar umsóknir sem metnar voru árin 2007-2012.**

| | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 |
|---|---|---|---|---|---|
| Samþykktar án aths. | 68 | 53 | 64 | 88 | 79 |
| Samþykktir með aths. | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Hafnað | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Samtals | 70 | 53 | 64 | 88 | 79 |

**Eftirlit með þátttakendum**

Við almennt eftirlit með þátttakendum er í meginatriðum notast við tvær aðferðir. Annars vegar er um að ræða eftirlit með handahófsúrtaki en miðað er við að um 2% af heildarfjölda þáttakenda lendi í úrtakinu. Að þessu sinni voru því 33 aðilar í úrtakinu og var landnýting þeirra könnuð m.t.t. ástands beitilandsins og viðmiða um sjálfbæra landnýtingu í reglugerð 10/2008.
Hins vegar er um að ræða eftirlit samhliða öðrum störfum Landgræðslunnar sem og viðbrögð við ábendingum sem berast um að landnýtingu sé ábótavant.

**Landbótaáætlanir**

Unnið var að endurnýjun landbótaáætlana svo sem venja hefur verið til. Aðstoðað var við endurnýjun 6 landbótaáætlana og að auki var gerð áætlun fyrir einn nýjan afrétt, Almenninga í Rangárþingi eystra.

**Endurnýjun reglugerðar**

Landgræðsla ríkisins fékk til umsagnar drög að nýrri reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Mikil vinna fór í gerð umsagnarinnar og vinnu henni tengdri. Ný reglugerð um gæðastýringuna var gefin út í lok árs 2013 og tók gildi 1. janúar 2014.

**Landgræðsla ríkisins** • Gunnarsholti • 851 Hellu
Sími: 488 3000 • Fax: 488 3010 • land@land.is • www.land.is